

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2019 - 2020

1. KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur þann tilgang fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. Félagið fer með kjarasamningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gagnvart ríki, sveitarfélögum og almennum vinnumarkaði.

Félagið er eitt af 27 aðildarfélögum Bandalags háskólamanna.

Stjórn félagsins

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins:

Ársæll Baldursson, formaður
Ragnheiður Ragnarsdóttir, varaformaður/ritari
Helga S. Sigurðardóttir, gjaldkeri
Stefán Þór Björnsson, meðstjórnandi
Sæmundur Á. Hermannsson, meðstjórnandi

Varamenn eru: Birgir Guðjónsson, Björn Bjarnason og Tjörvi Guðjónsson. Skoðunarmenn reikninga eru: Halla S. Sigurðardóttir og Jóngeir Hlinason.

2. Almenn starfsemi

Á starfsárinu voru haldnir 19 stjórnarfundir en starfsárið var óvenju langt vegna heimsfaraldurs COVID-19. Stjórnin fjallaði um réttinda- og kjaramál, vinnumarkaðsmál og margvísleg önnur hagsmunamál félagsmanna. Þá tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum fundum á vegum BHM, einkum vegna kjara- og réttindamála, ásamt kynningum KVH fyrir háskólanema í viðskipta- og hagfræði. Formaður félagsins, Ársæll Baldursson, sat einnig fundi formannaráðs BHM.

Fyrir hönd KVH sátu eftirfarandi í nefndum á vegum BHM: Hjálmar Kjartansson í Sjúkrasjóði BHM, Björn Bjarnason í Orlofssjóði BHM, Heiða Björk Jósefsdóttir í Jafnréttisnefnd BHM, Peter Szklenár í Starfsmenntunarsjóði BHM og Guðfinnur Þór Newman í nefnd um jöfnun launa á milli markaða. Þá er Birgir Guðjónsson varamaður í stjórn LSR.

Starfsmenn KVH eru tveir, framkvæmdastjóri Guðfinnur Þór Newman og verkefnastjóri Steinar Lúðvíksson og sinna þeir fjölmörgum verkefnum fyrir félagið og félagsmenn í viku hverri, sem lúta að kjaramálum og réttindamálum. Félagsmenn leita oft aðstoðar vegna mála er varða ráðningar og launakjör, áminningar, samskipti á vinnustöðum, uppsagnir og starfslok, að ógleymdri túlkun á kjarasamningum og réttindum. Einnig hafa nokkrir félagsmenn leitað til félagsins vegna atvinnutengdra veikinda. Þá hafa starfsmenn KVH fyrir hönd félagsins veitt umsagnir um ýmis álitamál og tekið þátt í starfshópum innan BHM, m.a. um endurskoðun á stefnu bandalagsins. Í einstaka tilvikum hefur félagið leitað fulltingis lögmanna við úrlausn mála, þegar aðrar leiðir hafa ekki verið færar.

Nokkrar breytingar voru gerðar á eignarhaldi innan húsfélags BHM á árinu. Eignarhlutur KVH í húsfélagi B6 nemur 4,58%.


KVH hefur kynnt starfsemi sína á samskiptamiðlum, á vettvangi námsmannafélaga, meðal annars með nýlegri vefsíðu og kynningarmyndböndum, enda ávallt markmið að KVH verði „fyrsta val“ nýútskrifaðra viðskipta- og hagfræðinga.

Félagið hefur sniðið sér stakk eftir tekjuvexti en verkefni sem kosta fjármuni eru fjölmörg. Engu að síður er félagsgjaldið til KVH eitt það lægsta sem greitt er til stéttarfélags enda er markmið félagsins ekki að safna í sjóði heldur að veita félagsmönnum góða og nauðsynlega þjónustu, og efla þeirra hag.

3. Félagsmenn


Félagsmönnum fjölga jafnt og þétt eins og undafarin ár. Langmest er aukningin vegna starfa á almenna vinnumarkaðinum. Ef miðað er við október mánuð 2019, sem er heppilegur viðmiðunarmánuður, voru greiðandi félagsmenn KVH þá alls 1.662, en á sama tíma árið áður voru þeir 1.533. Að viðbættum þeim félagsmönnum sem síðan hafa bæst við m.v. marsmánuð, er fjöldi greiðandi félagsmanna orðinn um 1.672. Þar til viðbótar má geta þeirra 229 félagsmanna sem skráðir eru með námsmannaaðild núna í mars 2019 og búast má við að verði framtíðar félagsmenn eftir að námi lýkur. Félagið er þriðja fjölmennasta aðildarfélag BHM.

Gert er ráð fyrir að þessi þróun muni halda en vissulega þarf að gera ráð fyrir a.m.k. tímabundnum áhrifum vegna COVID-19.



Hlutfall kynja félagsmanna hefur haldist nokkuð stöðugt milli ára og eru konur um 59% greiðandi félagsmanna en karlar 41%. Meðalaldur greiðandi félagsmanna er nú 44 ár.

Ef litið er á skiptingu greiðandi félagsmanna í október 2019 eftir því hvar á vinnumarkaðinum þeir starfa þá er myndin þessi: Um 54% starfa á almenna vinnumarkaðinum, 33% starfa á ríkisstofnunum, 7% vinna hjá sveitarfélögum og tæplega 4% starfa hjá Reykjavíkurborg, en atvinnuleitendur eru tæplega 1,6%.



Fjölgun félagsmanna er mjög æskileg því styrkur og áhrif félagsins felast ekki síst í stærðinni og þeim möguleikum sem auknar félagstekjur gefa. Með þetta í huga hefur KVH lagt aukna áherslu á markaðssetningu og kynningu eins og áður segir. Félagið hefur gert sérstaka samstarfssamninga við fimm félög nemenda í viðskipta- og hagfræði við þrjá háskóla, haldið kynningar, vísindaferðir og námskeið fyrir þá sem námsmannaaðild hafa. Einnig má geta þess að undanfarin ár hefur KVH tekið þátt í Framadögum háskólafélks.

4. Kjaramál og samningar

Flestir kjarasamningar KVH runnu út í marslok 2019. Þetta eru kjarasamningar við ríki, sveitarfélög, Reykjavíkurborg og fyrirtækjasamningar. Undirbúningur að kjaraviðræðum hófst í lok árs 2018 og stóð yfir fyrstu mánuði ársins 2019 en hin eiginlega kjaralota hófst í maímánuði það ár og stendur enn yfir. Búið er að ljúka kjarasamningum við ríki, Samband íslenskra sveitarfélaga og Orkuveitu Reykjavíkur. Kjaraviðræður standa enn yfir gagnvart Reykjavíkurborg og RARIK og nýhafnar eru viðræður við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Núverandi kjaralota hefur verið bæði löng og ströng en þess má geta að kjaraviðræður við ríki stóðu yfir í ellefu mánuði þar sem þurfti 55 fundi til þess að ná niðurstöðu.

Á starfsárinu var unnið að endurnýjun stofnanasamninga ríkisstofnana og það verkefni er viðvarandi enda ríkisstofnanir fjölmargar. Meirihluti félagsmanna KVH starfar á almennum vinnumarkaði eða um 54%. Þeir heyra undir kjarasamning sem KVH gerir við Samtök atvinnulífsins (SA), sem síðast var endurnýjaður árið 2017 og er ótímabundinn. Það er hins vegar fylgst vandlega með launapróun félagsmanna á almenna markaðnum, en í samningnum við SA semur félagið ekki um laun, heldur um réttindi, en veitir félagsmönnum aðstoð og upplýsingar við gerð ráðningasamninga og endurskoðun launa.

5. Rekstur skrifstofu

KVH hefur lagt áherslu á að sú greiðsla árgjalds, sem greitt er til bandalagsins, sé lækkuð en gjaldið tekur mið af fjölda félagsmanna og tekjugrunni félagsins. Vegna þessa hefur u.þ.b. 1/3 hluti tekna félagsins runnið til bandalagsins. Á aðalfundi BHM árið 2019 var tillaga KVH um lækkan árgjalds sem lögð var fram með fulltingi annarra félaga felld. Í

framhaldinu var lögð fram breytingatillaga sem gerði ráð fyrir að árgjaldið lækkaði úr 0,18% í 0,17%. Sú tillaga var samþykkt en gekk að mati KVH allt of skammt. Samþykkt var á aðalfundinum að setja saman vinnuhóp til þess að koma með tillögu að lækkun árgjalds en fulltrúi KVH í hópnum, og jafnframt formaður hans var Guðfinnur Þór Newman. Vinnuhópurinn skilaði af sér tillögum í nóvember 2019. Eftir kynningu á þeim fyrir aðildarfélögin og í formannaráði, samþykkti formannaráð að önnur tillaga vinnuhópsins yrði lögð fyrir aðalfund BHM 2020.

6. Verkefni stjórnar KVH starfsárið 2020-2021

Á starfsárinu 2020-2021 verður aðaláhersla KVH á að ljúka kjarasamningum sem enn eru ófrágengnir. En gera má ráð fyrir að núverandi kjaralotu ljúki á næstu mánuðum.

Sérstök áhersla verður lögð á aukna markaðssetningu félagsins en stjórn félagsins hyggst blása til sóknar í þeim málum enda mikilvægt að sinna því vel. Áformað er að kynna félagið með enn markvissari hætti á samfélagsmiðlum en undanfarin misseri. Jafnframt verða samskipti og þjónusta við félagsmenn eitt af áhersluatriðum komandi starfsárs.

Þá hefur KVH lokið ítarlegri greiningarvinnu á launum og launaumhverfi sinna félagsmanna. Niðurstaða þeirrar vinnu er sú að félagið á í dag sinn eigin gagnagrunn og reiknilíkan sem mun sýna launaþróun og kaupmáttarþróun yfir tímabil, eftir kjarasamningum, atvinnugreinum, kynjum og fleiru, auk samanburðar við þróun vísitalna og hagtalna.

Þá er stefnt að því að á árinu að koma upp sérstökum aðgangi félagsmanna að upplýsingum um meðallaun og launaþróun í gegnum „Mínar síður“ sem sett verður upp á vefsíðu KVH. Þetta verður sérstaklega kynnt félagsmönnum þegar verkefninu lýkur.

Reykjavík, 3. júní 2020

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Ársæll Baldursson formaður